

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Efri-Brú í Grímsnesi, deiliskipulag frístundabyggðar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 24. ágúst 2005 deiliskipulag í landi Efri-Brúar í Grímsnesi.

*Efri Brú í Grímsnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.*

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Efri-Brúar. Skipulagssvæðið sem er 65 ha að stærð liggur að landi Kaldárhöfða í norðri og að Úlfjótuvatni í vestri.

Gert er ráð fyrir 33 frístundalóðum og eru 14 vestan vegarins. Stærðir lóða eru frá 7000 m<sup>2</sup> að 20.000 m<sup>2</sup> (2 ha). Gert er ráð fyrir sameiginlegu bátaskýli fyrir byggðina með aðgengi að vatni.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 28. nóvember 2005.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Arinbjörn Vilhjálmsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. desember 2005